

BYGGINGARLÝSING

Um er að ræða 5 samliggjandi keðjuhús, með eina íbúð í hverju húsi.

- Unnargrund 1, Staðgreinir 73700010
- Unnargrund 3, Staðgreinir 73700030
- Unnargrund 5, Staðgreinir 73700050
- Unnargrund 7, Staðgreinir 73700070
- Unnargrund 9, Staðgreinir 73700090

BURÐARVIRKI

Undirstöður, botnplata, útveggir og berandi innveggir eru staðsteypt. Pak er borð uppi af limtrésbitum og timbursperrum.

EINANGRUN

Einangrað er undir botnplötu og utan á undirstöður með 100 mm plasteinangrun. Útveggir eru einangraðir að utan með 125 mm steinullareinangrun, nema veggir að lóðarmörkum sem eru einangraðir að innan með 100 mm plasteinangrun. Þök eru einangruð með 225 mm steinullareinangrun.

FRÁGANGUR ÚTI

Allir útveggir eru klæddir að utan með flísum, sem festar eru á undirkerfi úr áli. Flísar eru ljósgráar með innfelldum dökkgráum flötum. Þök eru með borðaklæðningu, þakpappa og báruálf. Gluggar eru trégluggar með áli að utanverðu.

FRÁGANGUR INNI

Útveggir að lóðarmörkum eru einangraðir að innan og múrhúðaðir. Aðrir útveggir eru múrhúðaðir að innan. Innveggir að votrymum eru hlaðnir úr vikursteini og múrhúðaðir. Aðrir innveggir eru með grind úr stáli, fylltir með steinull og klæddir gífsplötum. Gólfefni eru parket og flísar. Veggir eru almennt málaðir en flísalagðir í votrymum. Loft eru klædd með gífsplötum og máluð. Í baðherbergi og þvottahúsi eru loft niðurtekin.

LAGNIR

Frárennislagnir í grunnri eru viðurkenndar PVC plastlagnir. Frárennislagnir inni í húsi eru úr PP plastlögnum. Neysluvatnslagnir eru rör í rör þex lagnir og utanálggjandi álþex lagnir í bílskúr. Vélrænt útsog er frá baðherbergi, þvottahúsi og eldhúsi sem er staðsett í miðju húsi. Upphitun er með gólfgeisla, nema í bílskúr þar sem hitað er með ofnum.

RAFLAGNIR

Inntök rafmagns og fjarskipta eru inn í bílskúr, aðaltafla er utanálggjandi, allar pípur eru innfelldar í vegg eða loft. Lagnir eru fyrir útilýsingu í garði. Fjarskiptatenglar eru í herbergjum og stofu.

ALGILD HÖNNUN

Húsið skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar um algilda hönnun, þannig að allar umferðarleiðir séu greiðar og frágangur hurða henti hreyfihömluðum. Í sumum rýmum, t.d. í þvottahúsi, eldhúsi og anddyri, er gert ráð fyrir að auðvelt sé að breyta fyrirkomulagi innréttinga og snúa við hurðum, þannig að krafan verði uppfyllt.

HLJÓÐVIST

Húsin skulu að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45.

BRUNAVARNIR

Brunahólfun veggja milli húsa eru EI90. Veggir milli bílskúrs og íbúðar eru EI60 og hurð EI30-CS. Allar klæðningar í bílskúr eru í flokki 1. Klæðningar veggja og lofta í íbúð eru ekki lakari en í flokki 2. Íbúðir og bílskúrar skulu útbúin viðurkenndum reykskynjurum og handslökkvitækjum. Brunavarnir að öðru leyti skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð.

BREYTING A

Nr. 1: Hurð milli borðstofu og geymslu sleppt, hurð út úr stofu til norðvesturs.

Nr. 3: Eldhús stækkað og fyrirkomulagi breytt, fyrirkomulagi á baði og snyrtingu breytt (léttum veggjum verður fækkað síðar ef þörf krefur til að mæta kröfum um algilda hönnun), þvottur færður.


Nr. 5: Eldhús stækkað og uppröðun breytt, hurð á snyrtingu færð.

Nr. 7: Eldhús stækkað og uppröðun breytt, hurð á snyrtingu færð.

Nr. 9: Fyrirkomulagi í eldhúsi breytt, gerð geymsla inn af svefnherbergi.

BREYTING B

Nr. 7: Rennihurð milli geymslu og borðstofu.



HÚSNÚMUR	1	3	5	7	9
FLATARMÁL	149,9m ²	149,9m ²	149,9m ²	149,9m ²	147,5m ²
RÚMMÁL	566,4m ³	566,4m ³	566,4m ³	566,4m ³	559,2m ³
FLATARMÁL LÓÐAR	538,0m ²	363,0m ²	363,0m ²	363,0m ²	417,0m ²
NÝTINGARHLUTFALL	0,27	0,41	0,41	0,41	0,35

BO. - BJÖRGUNAROP
R - REYKSKYNJARI
LR. - LOFTRÆSTING
GN. - GÓLFNIDURFALL

BR.	DAGS.	BREYTING	SAMP.
A	2.8.2016	ÝMSAR BR. SBR. AD OFAN	GG.
B	26.8.2016	RENNIHURÐ Í NR. 7	GG.


STADUR:
**UNNARGRUND
GARDABÆR**

VERK:
KEDJUHÚS

TEKNIÐG:
GRUNNMYND
UNNARGRUND 1,3,5,7,9

VERKNR.	MÆLKVÁRDI:	TEKNIÐG.
389	1 : 100 1 A1 TEKNAÐ / YFIRFARID: 20.4.16 SM/SG/GG	111-B

ARKITEKTASTOFAN
Garðar Guðnason 240555-4379
Sigurður Guðafsson
Þórunnartúni 2 IS-105 Reykjavík Sími 562 6833 Fax 562 6835
arkitektastofan@arkitektastofan.is www.arkitektastofan.is



1 81365